

Samstarfssamingur milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Veraldarvina 2018

Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590169-7579 og Veraldarvinir kt. 480601-2540 gera með sér samkomulag um að sjálfbóðaliðar á vegum Veraldarvina taki þátt í umhverfisverkefnum í samstarfi við Hafnarfjarðarkaupstað sumarið 2018.

Verkefnin eru tengd hreinsun og viðhaldi á náttúru- og umhverfi utan bæjarmarka s.s. eyðingu illgresis, vinna við merkingu og lagfæringu göngustíga, hreinsun strandlengjunnar, plöntun á trjám o.s.frv.

Þátttaka sjálfbóðaliða kemur ekki í stað launaðs vinnuafls.

Veraldarvinir skuldbinda sig sem hér segir:

- Að sjálfbóðaliðar félagsins séu komnir til Hafnarfjarðar á ákveðnum dögum sem samið er um.
- Veraldarvinir sjái um öll innkaup vegna fæðis auk þess sem sjálfbóðaliðarnir sjá um eldamennsku
- Að allir sjálfbóðaliðar séu með gildar tryggingar
- Að umgengni sjálfbóðaliða verði með góðum hætti.
- Að með hverjum hópi séu tveir hópstjórar sem stýra verkefnum í samráði við verkstjóra Hafnarfjarðar.
- Framlag sjálfbóðaliðanna verði sex klst á dag fimm daga vikunnar.
- Ferjun sjálfbóðaliðanna frá dvalarstað til og frá þeim stað þar sem sjálfbóðavinnan fer fram.

Hafnarfjarðarkaupstaður skuldbindur sig sem hér segir:

- Að næg verkefni séu til staðar fyrir sjálfbóðaliða Veraldarvina.
- Að skipulagning verkefna liggi fyrir með góðum fyrirvara og að verkstjórn og eftirflit sé til staðar.
- Sjálfbóðaliðarnir búi í húsnæði við Hlíðarbraut 10, 220 Hafnarfirði
- Að greiddar séu 1.200 kr á dag fyrir hvern sjálfbóðaliða vegna fæðis á meðan dvöl þeirra stendur (frídagur þar meðtaldur).
- Að sjálfbóðaliðar fái frían aðgang að sundlaugum Hafnarfjarðar og völdum söfnum.
- Að verkefni sem sjálfbóðaliðar komi að séu ekki áhættusöm.

Gert er ráð fyrir að fyrstu verkefni hefjist 01.06.2018 og að verkefnum ljúki 10.09.2018

Dagsetning 05.04.2018

Dagsetning _____

Þórarinn Ívarsson,
framkvæmdastjóri
f.h. Veraldarvina

Helga Stefánsdóttir
Forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar